

Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Rvk.

Reykjavík 2. maí, 2017.

Efni: Umsögn Listaháskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Listaháskóla Íslands (LHÍ) barst ósk um umsögn þann 26. apríl sl. og var frestur til að skila umsögninni rétt rúmur sólarhringur. Í ljósi þess hver fresturinn var stuttur og að rektor og framkvæmdastjóri skólans voru við vinnu erlendis og því ekki svigrúm til að sinna þessu erindi með svo stuttum fyrirvara, er þess óskað að umsögnin verði tekin til greina þótt hún berist einum virkum degi síðar en óskað var eftir.

I

Í fjármálaáætlun til fimm ára er gert ráð fyrir því að horft sé til lengri tíma stefnumótunar í ríkisfjármálum. Listaháskóli Íslands fagnar því verklagi en ítrekar jafnframt mikilvægi þess að samráð sé aukið um framtíðarstefnumótunina sem í því felst á því málsviði sem LHÍ tilheyrir. Með betra samráði má vænta meiri skilnings og samstöðu um helstu áhersluatriði.

II

Um leið vill LHÍ koma á framfæri athugasemdum er varða orðalag í fjármálaáætluninni sem ekki á við um LHÍ, eða er ónákvæmt með tilliti til sérstöðu hans. Ber þar fyrst að nefna athugasemd um aðgangstakmarkanir hér í samanburði við Norðurlöndin (bls. 272) þar sem segir: “Samanburður á kerfinu hér á landi og í nágrannaríkjunum, þ.m.t. hinum Norðurlöndunum, leiðir einnig í ljós að víðast hvar eru aðgangstakmarkanir meir en hér á landi”. Þetta á ekki við um LHI þar sem aðgangstakmarkanir eru nú þegar mjög miklar; inntökuhlutfallið er að meðaltali um 35%. Lægst er það á leikarabraut Sviðslistadeildar eða um 5% en hæst í Listkennsludeild, enda er þar um meistaranám að ræða sem veitir full kennsluréttindi.

III

Þar sem rætt er um þarfir atvinnulífsins (bls. 273) vill Listaháskóli Íslands jafnframt benda á að atvinna á sviði skapandi atvinnugreina vex hraðar en nokkur önnur atvinnugrein í Evrópu, en hvergi er minnst á skapandi atvinnugreinar í þessu samhengi fjármálaáætlunarinnar. Skv. tölum hagstofunnar var fjöldi starfa innan skapandi greina nánast jafn og samanlagður fjöldi starfa í landbúnaði og sjávarútvegi árið 2010. Mjög líklega má telja að skapandi greinar hafi vaxið mjög sem atvinnugrein frá þeim tíma og séu enn sterkari stoð undir atvinnulíf á Íslandi í dag, ekki síst vegna vaxandi kröfu ferðamannaíðnaðarins um fjölbreyttar áherslur í menningu og listum sem mótvægi við aðgengi að náttúru landsins. Listaháskólinn er sá

háskóli á Íslandi sem menntar hvað flesta til starfa í fjölbreyttum geira skapandi atvinnugreina og gegnir því mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi og hugviti, þar sem möguleikarnir á auknum hagvexti eru hvað mestir.

IV

Listaháskóli Íslands bendir á að háskólastigið á Íslandi hefur búið við rýrar fjárveitingar og niðurskurð allt frá árinu 2008. Eins og ítrekað hefur komið fram skortir mikið upp á að háskólakerfið nái meðaltali OECD ríkjanna líkt og þó hefur verið markmið Vísinda- og tækniráðs um árabíl – hvað þá meðaltali Norðurlandanna. Í tilfelli LHÍ er ekki einungis um að ræða ónóga rekstrarfjármuni, heldur einnig lélegt húsnæði og rýra innviði eftir áralangan niðurskurð.

V


Markmið fjármálaáætlunarinnar á sviði háskólastarfs eru sett fram með þeim hætti að ekki er hægt að greina kostnað við þau, sem er bagalegt ef fjármálaáætlunin á að tryggja betri nýtingu fjármuna á fjárlögum þessara fimm ára.

VI

Hvað framlög til Listaháskóla Íslands varðar er ljóst að heildarfjármagn það sem renna á til háskólastigsins á þessum tíma, gefur ekki tilefni til bjartsýni varðandi þá uppbyggingu sem þó er orðin mjög brýn eigi háskólasamfélagið að standa undir nafni frampróunar og standast samanburð við nágrennalöndin. LHÍ telur ástæðu til að ítreka að án góðrar háskólamenntunar getur íslenskt samfélag ekki tryggt það hugvit, þekkingarsköpun og frampróun sem er undirstaða bæði hagvaxtar og hagfellds samfélags til lengri tíma litið.

Jafnframt vill LHÍ benda á að í þeim húsnæðisvanda sem skólinn hefur glímt við um tveggja áratugaskeið eru það mikil vonbrigði að hvergi skuli vera minnst á fjármagn til framtíðaruppbyggingar húsnæðis fyrir fræðasvið lista í fjármálaáætluninni.

Virðingarfyllst,



Fríða Björk Ingvarsdóttir,
Rektor Listaháskóla Íslands.